


# ÁRSSKÝRSLA



2000



## STJÓRN KKÍ

Á 39. ársþingi KKÍ í Hveragerði voru eftirtaldir einstaklingar kosnir í stjórn KKÍ fyrir starfsárið 1999-2000.

Stjórnarmenn til tveggja ára: Hannes Jónsson  
Erla Sveinsdóttir  
Jóhannes Karl Sveinsson

Í varastjórn til eins árs: Sturla Jónsson  
Gísli Friðjónsson  
Guðríður Ólafsdóttir

Eftirtaldir stjórnarmenn áttu eitt ár eftir af kjörtímabili sínu:

Formaður Ólafur Rafnsson

Meðstjórnendur: Magnús Svavarsson  
Guðjón Þorsteinsson  
Ólafur Jóhannsson

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður: Ólafur Rafnsson  
Varaformaður: Ólafur Jóhannsson  
Ritari: Erla Sveinsdóttir  
Gjaldkeri: Magnús Svavarsson  
Meðstjórnandi: Hannes Jónsson  
Meðstjórnandi: Jóhannes Karl Sveinsson  
Meðstjórnandi: Guðjón Þorsteinsson

### NEFNDIR, DÓMSTÓLL, ENDURSKOÐENDUR OG STARFSMENN KKÍ.

Mótanefnd: Ríkharður Hrafnkelsson  
Hannes Jónsson  
Ægir Ágústsson

Dómaranefnd: Leifur Garðarson  
Jóhannes Karl Sveinsson  
Helgi Bragason

Kvennalandsliðsnefnd: Magnús Svavarsson

Karlalandsliðsnefnd: Gísli Friðjónsson

Unglingalandsliðsnefnd: Eyjólfur Guðlaugsson  
Halldór Þorsteinsson  
Sigurður Hjörleifsson  
Sæmundur Jóhannesson

Dómstóll KKÍ: Helgi Ingólfur Jónsson  
Ágúst Jóhannesson  
Gísli Gíslason

Til vara: Halldór Halldórsson  
Gunnar Þorvarðarson  
Árni Guðmundsson

Aganefnd KKÍ:

Jón Eysteinson  
Ágúst Jóhannesson  
Hrafn G. Johnsen

Til vara:

Haukur Hannesson  
Ingimar Ingason  
Gunnar Aðalsteinsson

Endurskoðendur:

Guðrún Ólafsdóttir  
Ottó Hafliðason

Framkvæmdastjóri:

Pétur Hrafn Sigurðsson

Íþróttafulltrúi:

Björn Leósson

Fræðslufulltrúi:

Friðrik Ingi Rúnarsson

Upplýsingar um störf nefnda koma fram í skýrslum þeirra.

## SKÝRSLA STJÓRNAR

Fljótlega eftir að ársþingi lauk kom stjórn KKÍ saman og skipti með sér verkum. Stjórnin hélt 15. bókaða fundi auk fjölmargra annara formlegra og óformlegra funda.

### MINNING:

Guðrún Ólafsdóttir, endurskoðandi KKÍ til margra ára, gullmerkishafi og forystukona í íslenskum körfuknattleik er fallin frá eftir erfið veikindi.

Örlygur Sturluson, leikmaður UMFN, landsliðsmaður í körfuknattleik og einn af okkar aefnilegustu leikmönnum lést af slysförum.

### TILNEFNING Á KÖRFUKNATTLEIKSMANNI OG KONU ÁRSINS

Samkvæmt beiðni frá ÍSÍ tilnefna öll sérsambönd innan ÍSÍ körfuknattleiksmann og konu ársins í sinni grein. Stjórn KKÍ valdi að þessu sinni þau Herbert Arnarson og Guðbjörgu Norðfjörð.

### FORMANNAFUNDIR

Tveir formannafundir voru haldnir á keppnistímabilinu eins og undanfarin ár.

### SPJALLRÁS STJÓRNAR OG FORMANNA FÉLAGA

Haldið var áfram með spjallrás milli stjórnar KKÍ og félaganna. Þar voru borin upp mörg mál til kynningar og til umræðu. Hefur þessi nýbreytni vakið ánægju og verður henni haldið áfram.

### SAMNINGUR VIÐ TÆKNIVAL OG EPSON

KKÍ gerði samning við TækniVal og Epson um úrvalsdeildina í körfuknattleik næstu þrjú árin, með endurskoðunarákvæði eftir fyrsta árið. Ljóst er að samningurinn mun gilda næstu tvö árin og eru forsvarsmenn TækniVals og Epson í Evrópu mjög ánægðir með samninginn. Söluaukning Epsonprentara hefur verið veruleg hér á landi frá því að skrifað var undir samninginn.

### SAMNINGUR VIÐ FLUGLEIÐIR.

Samningur við Flugleiðir sem var til þriggja ára rann út um áramótin. Verið er að vinna að nýjum samning og eru vonir bundnar við að þeirri samningagerð ljúki á næstunni.

### SAMNINGUR VIÐ HÓPBÍLA

KKÍ hefur haft samning við Hópbíla undanfarin mörg ár og hefur sá samningur verið KKÍ mjög hagstæður. Vonir eru bundnar við að samningnum verði framhaldið á næsta ári.

### SAMNINGUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTVARPSFÉLAGIÐ

Ákveðið var að gera breytingar á samningi KKÍ við ÍÚ í samræmi við vilja þingsins á síðasta ári. Allir leikir sem sýndir eru beint eru nú sýndir á SÝN en ekki á Stöð 2 eins og var. Í staðinn fjölgar beinum útsendingum verulega og miklu minna er um að breyta þurfi leiktíma eða leikdögum í Epsondeildinni sem er mikill kostur.

### SAMNINGUR VIÐ B&L

Þriggja ára samstarfssamningi lauk nú í febrúar. Verið er að vinna að endurnýjun samningsins.

### SAMNINGUR VIÐ AUSTURBAKKA

Eitt ár er eftir af samningnum og er mikil ánægja með samskipti KKÍ við Austurbakka.

### SAMNINGUR VIÐ LENGJUNA

Eins og kunnugt er fær KKÍ 1.5% af þeirri upphæð sem tippað er á körfuboltaleiki, hvort heldur sem það eru leikir innanlands eða utan. Ástæða er til að hvetja forsvarsmenn félaga til að benda sínu fólki á að tippa á körfuboltaleiki og að tippa á leiki á Lengjunni.

### SAMNINGUR VIÐ FÉLAG EGGJABÆNDA

Samningurinn sem var til þriggja ára er útrunninn en verið er að vinna í að endurnýja hann. Nafnið hefur fest vel við bikarinn og vakið töluverða athygli. Keppnin sjálf hefur heppnast vel og voru úrslitaleikirnir í Smáranum vel heppnaðir.

### RÁÐNING LANDSLIÐSÞJÁLFAKA KARLA

Friðrik Ingi Rúnarson var ráðinn landsliðsþjálfari karlalandsliðsins til tveggja ára. Hann er jafnframt fræðslufulltrúi KKÍ og mun starfa sem slíkur í fullu starfi næsta vetur. Er þetta í fyrsta sinn sem slíkur

starfsmaður er ráðinn í fullt starf inn á skrifstofu KKÍ. Er þess vænst að félögin sjái töluverða breytingu á fræðslumálum sambandsins í kjölfarið.

### **KÖRFUBOLTABÚÐIR Í REYKJAVÍK**

KKÍ stóð fyrir körfuboltabúðum í Reykjavík í samstarfi við ÍT – ferðir og Atlantic Cape camp. Þessar búðir tókust ekki eins vel og á árinu á undan og verða ekki endurteknar. Alls tóku um 60 börn og unglingar þátt í búðunum.

### **LOKAHÓF KKÍ**

Áætlað var að fela Skagamönnum að halda hófið en eftir að sýnt var að því yrði að fresta vegna breytinga á leikjaniðurröðun í úrslitakeppninni þá gátu þeir ekki haldið hófið. KKÍ tók að sér umsjónina og fór hófið fram á Hótel Sögu 5. maí sl. og tókst í alla staði mjög vel. Stjórn KKÍ ákvað að gefa farandbikar fyrir nýliða ársins ár hvert og er hann nefndur Örlygsbikarinn til minningar um Örlyg Sturluson.

### **SAGA KKÍ**

Ritnefnd ásamt með ritstjóra hefur unnið gott starf á sl. ári og er stefnt að því að Saga KKÍ komi út 29. janúar 2001, á 40 ára afmælisdegi KKÍ. Ritnefndin er skipuð Gunnari Gunnarssyni formanni, Guðmundi Þorsteinssyni, Jóni Eysteinssyni og Rúnari Gíslasyni. Ritstjóri er Skapti Hallgrímsson. Hafi menn efni sem erindi á í ritið eða myndir, þá eru þeir hvattir til að hafa samband við Skapta eða skrifstofu KKÍ. Ástæða er til að hvetja félögin til að kaupa eintök af bókinni þegar hún kemur út. Einnig er hægt að kaupa hana fyrirfram og fá nafn sitt þannig skráð í Tabula gratulatoria.

### **VILLIBRÁÐAKVÖLD**

KKÍ stóð fyrir villibráðakvöldi þar sem eldri félögum, landsliðsmönnum, stjórnarmönnum ofl. var boðið að koma og hittast og skemmta sér saman. Var hófið mög vel heppnað, en nokkur vonbrigðum olli dræm þátttaka frá nokkrum félögum. Haukarnir stóðu sig langbest og voru með fjölmennasta hópinn.

### **MEISTARAKEPPNIN Í KÖRFUKNATTLEIK**

Keppnin var haldin í fimmta sinn og fóru leikirnir fram í Keflavík. Eins og ávalt rann allur ágóði af leikjunum til góðgerðamála og naut félag flogaveikra barna góðs af ágóðanum að þessu sinni.

### **STJÖRNULEIKUR KKÍ**

Leikurinn fór nú fram í Hafnarfirði í umsjón Hauka og KKÍ. Var leikurinn vel heppnaður og skemmtilegur. Var hann sýndur í beinni útsendingu sjónvarps og skilaði A-landsliði karla nokkrum tekjum. Frítt var inn á leikinn að venju og buðu Esso og Sprite inn á leikinn.

### **NETIÐ**

Næsta keppnistímabil verður vonandi það síðasta sem við notum Fjölni til að halda utan um tölfræði og mótahald sambandsins. Nefnd er farin af stað hjá ÍSÍ til að vinna að nýju kerfi og á Pétur Hrafn Sigurðsson sæti í þeirri nefnd. Nokkur misbrestur er á að félögin sendi inn úrslit og tölfræði leikja í efstu deildum karla og kvenna inn til KKÍ. Sum gera þetta eftir hverja umferð, önnur mynda sig ekki til við að reyna!! Þessu þarf að breyta. Mikill áhugi er á að fá upplýsingar sem þessar og heimsóknir á heimasíðu KKÍ eru mjög margar.

### **KKDÍ VEFURINN.**

Körfuknattleiksdómarafélag Íslands hefur sett um vef þar sem áhugamönnum gefst kostur á að setja fram sínar hugmyndir um körfuboltann og fá svör við spurningum sínum. Nokkuð vel hefur tekist til og er vefurinn töluvert sóttur. Nokkur félög hafa sett slíka vefi upp.

### **STJÖRNULIÐ CLYDE DREXLERS**

Hætt var við að taka á móti stjörnuþingi Clyde Drexlers sem áætlað var að kæmi til landsins fyrst í apríl en svo ekki fyrr en í ágúst. Ljóst varð fljótlega að sökum verulegs kostnaðarauka var ekki talið réttlætianlegt að taka áhættuna á að taka á móti liðinu.

### **FUNDIR.**

Ólafur Rafnsson og Pétur Hrafn Sigurðsson sóttu ársþing FIBA sem haldið var á Möltu í maí. Jafnframt fóru þeir á árlegan fund formanna og framkvæmdastjóra sem haldinn var í Helsinki. Pétur Hrafn sótti árlegan fund unglínganefndar FIBA í München. Pétur Hrafn og Ólafur voru viðstaddir dráttinn í

Evrópukeppni landsliða sem fram fór í París sl. sumar. Pétur Hrafn Sigurðsson, Ólafur Rafnsson og Hannes Jónsson sátu ÍSÍ þing á Akureyri nú í mars.

#### **FUNDARFERÐ FORMANNS OG FRAMKVÆMDASTJÓRA**

Formaður og framkvæmdastjóri áætluðu að hitta öll félögin í Epsón-deildinni og 1. deild karla í vetur og kynna starfsemi KKÍ og fá upplýsingar frá félögunum um stöðu mála. Ekki tókst að funda með öllum félögunum en þau sem útundan urðu verða heimsótt í haust.

#### **ÞJÁLFAANÁMSKEIÐ**

Nokkur þjálfaranámskeið voru haldin á vegum KKÍ. Námskeið sem byggðist upp á þrekþjálfun var haldið í apríl undir stjórn Dean Brittenham sem er mjög þekktur þjálfari í USA. KKÍ fékk hann til landsins í gegn um tengsl við NBA.

Friðrik Ingi Rúnarsson hélt þjálfaranámskeið 1A sl. haust og 1B í vetur. Í sumar kemur Ettore Messina, fyrrum landsliðsþjálfari Ítalíu og einn þekktasti þjálfari Evrópu til landsins og heldur námskeið.

#### **BANDARÍSKUR ÞJÁLFAARI TIL ÍSLANDS**

Nelson Isley mun koma til landsins í sumar en hann er bandarískur þjálfari sem hefur m.a. verið landsliðsþjálfari í Perú. Hann kemur til landsins með stuðningi Alþjóða Olympíunefndarinnar og mun hans meginverkefni vera að heimsækja grunnskóla og kynna körfuknattleik. Útbúinn verður bæklingur um 4 leiki í körfuknattleik, Asna, Stinger, 21 og two-ball og honum dreift til Íþróttakennara.

#### **MÁLÞING UM STÖÐU KÖRFUKNATTLEIKSINS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Málþing var haldið um stöðu körfuknattleiks á höfuðborgarsvæðinu. Voru mættir á þennan fund forystumenn íþróttabandalags og ungmennasambandanna, íþróttfulltrúar sveitarfélaganna ásamt með fulltrúum félaganna. Urðu umræður mjög gagnlegar og góðar hugmyndir komu fram. Búið er að senda út fundargerð á alla viðkomandi og er vonast til að nokkrar hugmyndir sem þarna komu fram verði að veruleika.

#### **TILLÖGUR TIL FIBA**

KKÍ lagði fram ítarlega tillögu til FIBA um að fjölga þjóðum í milliriðlum Evrópukeppninnar um 6 þannig að í stað þess að hafa 4 riðla með sex þjóðum þá verði riðlarnir 5 eins og áður. Tillagan hlaut mikla umræðu innan nefndar FIBA sem sér um þessi mál en hlaut ekki náð fyrir augum nefndarmanna. Ákveðið að fulltrúar KKÍ vinni málinu fylgi á næsta ársþingi FIBA.

#### **HEIMASÍÐA KKÍ**

Heimasíða KKÍ hefur verið óbreytt nú í á þriðja ár og stendur til að gera breytingar á henni í sumar. KKÍ er annað af tveimur sérsamböndum sem haldið hafa úti heimasíðu og eina boltaíþróttasambandið sem það gerir. Verða breytingarnar gerðar með það í huga að auðvelda almenningi og félögum innan KKÍ að sækja sér upplýsingar varðandi körfuknattleikinn.

#### **SEMINAR MEÐ FJÖLMIDLAMÖNNUM**

KKÍ hélt nú í þriðja sinn seminar fyrir íþróttafréttamenn sem starfa hjá stærstu fjölmiðlum landsins. Haldinn var fyrirlestur fyrir fréttamennina um starfsemi KKÍ og þau verkefni sem framundan voru. Lagt var fyrir fréttamennina próf, bæði verklegt og skriflegt og krýndur sigurvegari. Var seminarið mjög vel heppnað í alla staði.

#### **HEIÐURSVIÐURKENNINGAR**

Á síðasta þingi KKÍ fékk Haukur Hauksson gullmerki KKÍ

Eftirtaldir aðilar fengu silfurmerki ÍSÍ

Björn Leósson

Lárus Ingi Friðfinnsson

Guðjón Þorsteinsson

Ólafur Rafnsson

Erla Sveinsdóttir

Á lokahófi KKÍ árið 2000 fengu eftirtaldir aðilar viðurkenningu fyrir frábær störf í þágu körfuknattleiksins:

Bjarni G. Þórmundsson

Silfurmerki

Helgi Bragason

Silfurmerki

Svali Björgvinsson

Silfurmerki

## SKÓLAMÓT

Eins og undanfarin ár var haldið framhaldsskólamót í körfuknattleik. Ekki fékkst stuðningsaðili á mótið að þessu sinni en reynt verður að bæta úr því fyrir næsta keppnistímabil.



## SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Mótanefnd var skipuð þeim Ríkharði Hrafnkelssyni formanni, Ægi Ágústssyni og Hannesi Jónssyni. Björn Leósson var starfsmaður mótanefndar.

Njarðvíkingar urðu deildarmeistarar í EPSON-deildinni, en Sæfell og ÍA féllu í 1. deild. Úrslitakeppnin var mjög skemmtileg í ár og hefur sjaldið vakið eins mikla athygli. Þar fóru margar viðureignir í oddaleik, þar á meðal í undanúrslitum, en slíkt hefur ekki gerst lengi. Svo fór að UMFG og KR léku til úrslita, en gera varð hlé á keppninni vegna utanferðar unglingslandsliðsins. Þegar keppnin hóft að nýju náði spennan hámarki í fjórða leik þegar KR tryggði sér titilinn í fyrsta sinn í 10 ár með sigra á UMFG í troðfullu KR-húsinu.

Grindavík fagnaði hins vegar sigri í bikarkeppni KKÍ&RENAULT eftir úrslitaleik við KR. Í Eggjabikarnum fagnaði Tindastóll sínum fyrsta stóra titli eftir sigur á Keflavík í úrslitaleik keppinnar sem að þessu sinni fór fram í Smáranum í Kópavogi. Liðin sem komust í undanúrslit en töpuðu þar voru UMFN og UMFG.

Í 1. deild kvenna leiku sex félög. Tindastóll og KFÍ tóku sæti ÍR og UMFN sem léku að þessu sinni í 2. deild. KR varð deildarmeistari, en Keflavík hampaði Íslandsbikarnum eftir 5 leiki gegn KR. Keflavík varð einnig bikarmeistari eftir úrslitaleik við ÍS. UMFN sigraði í 2. deild kvenna.

Í 1. deild karla kepptu tíu lið eins og undanfarin ár. ÍR varð deildarmeistari, en auk þeirra komust Þór Þ. Valur og Stjarnan í úrslitakeppnina þar sem ÍR reyndist sterkasta liðið og tryggði sér sæti í EPSON-ásamt Val. ÍS og Stafholtstungur féllu í 2. deild.

Úrslitakeppni 2. deildar karla fór að þessu sinni fram í Grafarvogi í Reykjavík. Leikið var í riðlum í íþróttamiðstöðinni v/Dalhús og í Rimaskóla, en úrslitaleikirnir fór fram í Dalhúsum. Ármann/Þróttur og Fjöltnir léku til úrslita og svo fór að Ármann/Þróttur sigraði og leikur í 1. deild að ári, ásamt Fjölni.

Það má með sanni segja að keppnistímabilið 1999-2000 hafi verið ár Reykjavíkurlíðanna. Reykjavíkurlíð unnu allar deildir karla og þau fjögur lið sem færðust upp á milli deilda voru öll frá Reykjavík. Það sem upp úr stendur er auðvitað að Íslandsmeistaratitillinn í meistaraflokki karla kom aftur til höfuðborgarinnar eftir 10 ára samfellda dvöl á Suðurnesjum.

Alls sendu 48 félög lið til keppni á Íslandsmóttinu 1999-2000, þar af var eitt gestalið. Félögum sem taka þátt í Íslandsmóttinu fækkaði því um sjö frá síðasta ári. Níu félög sem voru með árið áður tóku ekki þátt að þessu sinni, en tvö ný bættust við. Þau sem ekki tóku þátt voru: Fylkir, Sindri, UNÞ, Afturelding, USAH, Dímon, Hvöt, ÍMA og Léttir. Nýju félögin voru: Fram S. sem kom í stað USAH og Ármann/Þróttur sem kom í stað Hvatar. Af þessum 48 félögum tóku 43 þátt í deildarkeppninni í meistaraflokki, en 5 félög sendu aðeins lið til keppni í yngri flokkunum. Þau voru: Glói, Kormákur, Leiftur, Fram S. og Hörður.

Mótanefnd barst nokkur fjöldi beiðna um tilfærslu á leikjum eins og undanfarin ár. Flestar þessar beiðnir komu fram með of skömmum fyrirvara þannig að svigrúm til breytinga var ekkert. Í öðrum tilvikum voru leikir færðir til ef gildar ástæður voru fyrir beiðninni eins og lög og reglugerðir kveða á um. Sú festa sem mótanefnd hefur sýnt í þessum efnum undanfarin ár hefur skilað því að nú er hægt að treysta mótabók KKÍ. Leikir fara fram á þeim tíma sem þar kemur fram, nema í undantekningar tilfellum.



## ÍSLANDSMÓT 1999-2000

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla - EPSON-deild	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
1. deild kvenna	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
1. deild karla	Íþróttafélag Reykjavíkur
2. deild karla	Armann/Þróttur
2. deild kvenna	Ungmennafélag Njarðvíkur
1. flokkur karla	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
Unglingaflokkur karla	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
Unglingaflokkur kvenna	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
Drengjaflokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
Stúlknaflokkur	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
11. flokkur	Ungmennafélagið Fjölnir
10. flokkur	Ungmennafélag Grindavíkur
9. flokkur	Ungmennafélagið Fjölnir
8. flokkur	Ungmennafélag Njarðvíkur
8. flokkur kvenna	Ungmennafélag Hrunamanna
7. flokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
Minnibolti drengja	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
Minnibolti stúlkna	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík

### ÍSLANDSMEISTARAR Í 2. DEILD YNGRI FLOKKA

10. flokkur	Ungmennafélagið Þór Þorlákshöfn
8. flokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur b
Minnibolti drengja	Íþróttafélagið Leiftur Ólafsfirði

### MEISTARFLOKKUR KARLA EPSON-DEILD

## EPSON-deildin 2000

Nr. Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1. <u>UMFN</u>	22	18	4	1987:1653	334	36
2. <u>Haukar</u>	22	17	5	1917:1663	254	34
3. <u>UMFG</u>	22	17	5	1934:1694	240	34
4. <u>Tindastóll</u>	22	15	7	1850:1675	175	30
5. <u>KR</u>	22	14	8	1802:1646	156	28
6. <u>Keflavík</u>	22	11	11	2054:1744	310	22
7. <u>Þór Ak.</u>	22	10	12	1795:1945	-150	20
8. <u>Hamar</u>	22	9	13	1722:1843	-121	18
9. <u>Skallagrímur</u>	22	8	14	1804:1893	-89	16
10. <u>KFÍ</u>	22	7	15	1713:1867	-154	14
11. <u>Snæfell</u>	22	5	17	1611:1903	-292	10
12. <u>ÍA</u>	22	1	21	1370:2033	-663	2

### ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI EPSON-DEILDAR

#### 8-LIÐA ÚRSLIT

UMFN - Hamar	85-61	Haukar - Þór Ak.	99-96 (88-88)
Hamar - UMFN	80-86	Þór Ak. - Haukar	88-79
		Haukar - Þór Ak	84-77
UMFG - Keflavík	72-61	Tindastóll - KR	78-81
Keflavík - UMFG	78-68	KR - Tindastóll	78-70
UMFG - Keflavík	112-70		

#### 4-LIÐA ÚRSLIT

UMFN - KR	84-67	Haukar - UMFG	67-59
KR - UMFN	79-64	UMFG - Haukar	83-65
UMFN - KR	98-88	Haukar - UMFG	74-56
KR - UMFN	91-77	UMFG - Haukar	83-80
UMFN - KR	55-78	Haukar - UMFG	56-59

#### ÚRSLIT

UMFG - KR	67-64
KR - UMFN	83-55
UMFG - KR	78-89
KR - UMFN	83-63

#### TÖLFRÆÐI DHL-DEILDAR - VERÐLAUNAHAFAR

(Sjá nánar [www.toto.is/kki](http://www.toto.is/kki))

Stigaskor	Brenton Birmingham	UMFG	32,1
Best nýting í þriggja stiga skotum	Brenton Birmingham	UMFG	48,5%
Besta vítanýting	Birgin Mikaelsson	Skallagrím	88,1%
Flest fráköst	Clifton Buch	KFÍ	14,2
Flestar stoðsendingar	Tómas Holton	Skallagrím	7,1
Flest varin skot	Friðrik Stefánsson	UMFN	1,9
Flestir stolnir boltar	Brandon Titus	Hamri	3,9

#### ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKI

Úrvalslíð EPSON-deildar	Ólafur Ormsson	KR
	Teitur Örlygsson	UMFN
	Svavar Birgisson	Tindastóli
	Fannar Ólafsson	Keflavík
	Friðrik Stefánsson	UMFN
Besti leikmaður	Teitur Örlygsson	UMFN
Besti nýliði	Ægir H. Jónsson	ÍA
Besti erlendi leikmaður	Brenton Birmingham	UMFG
Besti þjálfari	Valur Ingimundarson	Tindastóli
Besti dómari	Leifur Garðarsson	Haukum
Efnilegasti dómari	Rúnar Gíslason	Tindastóli

#### LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KVENNA

### 1. deild kvenna 2000

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	KR	20	18	2	1510:904	606	36
2.	Keflavík	20	18	2	1489:1038	451	36
3.	ÍS	20	11	9	1152:1117	35	22
4.	Tindastóll	20	6	14	1147:1417	-270	12
5.	KFÍ	20	5	15	1155:1454	-299	10
6.	UMFG	20	2	18	877:1400	-523	4

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILDAR KVENNA

4-LIÐA ÚRSLIT

KR - Tindastóll	93-41	Keflavík - ÍS	56-46
Tindastóll - KR	53-73	ÍS - Keflavík	58-78

ÚRSLIT

KR - Keflavík	51-48
Keflavík - KR	68-61
KR - Keflavík	68-73
Keflavík - KR	42-58
KR - Keflavík	43-58

TÖLFRÆÐI 1. DEILDAR KVENNA - VERÐLAUNAHAFAR

Stigaskor	Ebony Dickinson	KFÍ	32,1
Best nýting í þriggja stiga skotum	Kristín Blöndal	Keflavík	39,5%
Besta vitanýting	Alda Leif Jónsdóttir	Keflavík	86,8%
Flest fráköst	Ebony Dickinson	KFÍ	18,7
Flestar stoðsendingar	Alda Leif Jónsdóttir	Keflavík	4,9
	Anna Maira Sveinsdóttir	Keflavík	4,9
	Kristín Blöndal	Keflavík	4,9
Flest varin skot	Alda Leif Jónsdóttir	Keflavík	2,7
Flestir stolnir boltar	Alda Leif Jónsdóttir	Keflavík	4,7

ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

Úrvalsið 1. deildar kvenna	Alda Leif Jónsdóttir	Keflavík
	Sólveig Gunnlaugsdóttir	UMFG
	Hanna Kjartansdóttir	KR
	Guðbjörg Norðfjörð	KR
	Erla Þorsteinsdóttir	Keflavík
Besti leikmaður	Erla Þorsteinsdóttir	Keflavík
Besti nýliði	Birna Eiríksdóttir	Tindastóli
Besti þjálfari	Ósvaldur Knudsen	ÍS

LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KARLA

1. deild karla 2000

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	<u>ÍR</u>	18	16	2	1626:1270	356	32
2.	<u>Þór Þorl.</u>	18	16	2	1523:1205	318	32
3.	<u>Valur</u>	18	12	6	1462:1266	196	24
4.	<u>Stjarnan</u>	18	10	8	1406:1344	62	20
5.	<u>ÍV</u>	18	9	9	1414:1501	-87	18
6.	<u>Breiðablik</u>	18	8	10	1282:1347	-65	16
7.	<u>Höttur</u>	18	5	13	1201:1399	-198	10
8.	<u>Selfoss</u>	18	5	13	1426:1515	-89	10
9.	<u>ÍS</u>	18	5	13	1231:1394	-163	10
10.	<u>Stafholtst.</u>	18	4	14	1184:1514	-330	8

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILD KARLA

4-LIÐA ÚRSLIT

ÍR - Stjarnan	78-68	Þór Þ. - Valur	60-63
Stjarnan - ÍR	69-68	Valur - Þór Þ.	83-75
ÍR - Stjarnan	75-58		

## ÚRSLIT

ÍR – Valur	82-67
Valur – ÍR	75-71
ÍR – Valur	82-53

### 2. DEILD KARLA

Alls hófu 21 félag keppni í 2. deild karla. Deildinni skipt í tvær heima/heiman deildir og tvo fjölliðamótsriðla. Tvö félög hættu keppni og eitt félag var gestalið.

#### LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A1

### 2. deild ka. A-1 2000

Nr. Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1. <u>Fjölnir</u>	14	11	3	1316:916	400	22
2. <u>HK</u>	14	10	4	1041:908	133	20
3. <u>Árman-Þróttur</u>	14	10	4	1094:1071	23	20
4. <u>Gk. Grindavíkur</u>	14	9	5	1081:962	119	18
5. <u>Reynir S.</u>	14	8	6	1242:1026	216	16
6. <u>Árvakur</u>	14	5	9	1021:1086	-65	10
7. <u>Hrönn</u>	14	2	12	837:1192	-355	4
8. <u>Örninn</u>	14	1	13	830:1301	-471	2
9. <u>KR B</u>		0	0	0:0	0	0

KR b var gestalið.

#### LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A2

### 2. deild ka. A-2 2000

Nr. Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1. <u>Dalvík</u>	12	11	1	990:779	211	22
2. <u>Smári Varmahlíð</u>	12	7	5	824:758	66	14
3. <u>Skotf Ak</u>	12	4	8	887:896	-9	8
4. <u>ÍFL</u>	12	2	10	725:993	-268	4

#### LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA B-1

### 2. deild ka. B-1 2000

Nr. Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1. <u>Reynir H</u>	5	4	1	367:326	41	8
2. <u>Mostri</u>	6	4	2	436:383	53	8
3. <u>Víkingur Ól.</u>	5	0	5	305:399	-94	0
4. <u>ÚSVH</u>		0	0	0:0	0	0

ÚSVH hætti keppni.

#### LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA B-2

### 2. deild ka. B-2 2000

Nr. Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1. <u>UMFH</u>	6	5	1	388:333	55	10
2. <u>Laugðalir</u>	6	2	4	356:384	-28	4
3. <u>GKG</u>	6	2	4	360:387	-27	4
4. <u>Hjólr. Fél. RVK</u>		0	0	0:0	0	0

Hjólréiðafélag RVK hætti keppni.

## ÚRSLITAKEPPNI 2. DEILDAR KARLA

Sigurvegjarar riðlanna komust í úrslit auk liða númer 2 A1 og A2 og lið númer 3 og 4 í A1. Keppnin var haldin í Rimaskóla í íþróttamiðstöðinni v/Dalhús í Grafarvogi í Reykjavík 24.-26. mars. Liðunum var skipt í tvo riðla og léku allir við alla innan riðlanna. Efstu liðin í hvorum riðli léku síðan úrslitaleik deildarinnar, liðin í 2. sæti léku um 3.-4. sætið o.s.f.v. Svo fór að Ármann/Þróttur og Fjölnir léku til úrslita og hafði Ármann Þróttur betur. Bæði liðin unnu sér rétt til að leika í 1. deild að ári.

Riðlaskiptingin var eftirfarandi:

A-riðill: Fjölnir, GG, Smári, UMFH.

B-riðill: Dalvík, Ármann/Þróttur, HK, Reynir H.

Úrslit leikjanna voru eftirfarandi:

A-riðill:

Fjölnir - Gk. Grindavíkur	81-70	UMFH - Smári Varmahlíð	59-62
Fjölnir - UMFH	76-36	Gk. Grindavíkur - Smári Varm	95-71
Fjölnir - Smári Varmahlíð	103-40	Gk. Grindavíkur - UMFH	63-57

B-riðill:

Dalvík - HK	72-91	Reynir H - Ármann/Þróttur	55-65
Dalvík - Reynir H	98-57	HK - Ármann/Þróttur	64-81
<u>HK - Reynir H</u>	92-56	<u>Dalvík - Ármann/Þróttur</u>	81-88

### LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI:

## 2.d.ka.úrsl.A-riðill 2000

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Fjölnir	3	3	0	260:146	114	6
2.	Gk. Grindavíkur	3	2	1	228:209	19	4
3.	Smári Varmahlíð	3	1	2	173:257	-84	2
4.	UMFH	3	0	3	152:201	-49	0

### LOKASTAÐAN Í B-RIÐLI:

## 2. deild ka. B-2 2000

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	<u>UMFH</u>	6	5	1	388:333	55	10
2.	<u>Laugdælir</u>	6	2	4	356:384	-28	4
3.	<u>GKG</u>	6	2	4	360:387	-27	4
4.	<u>Hjólfr.Fél. RVK</u>	0	0	0	0:0	0	0

Hjólreiðafélag RVK hætti keppni.

### LEIKIR UM SÆTI:

1.-2. sæti:	Ármann/Þróttur - Fjölnir	70-62
3.-4. sæti	GG - Dalvík	80-102
5.-6. sæti	Smári - HK	58-64
7.-8. sæti	Reynir H. - UMFH	56-74

## 2. DEILD KVENNA

Alls tóku 5 félög þátt í 2. deild kvenna. Íslandsmeistari varð UMFN.

### 2. deild kvenna 2000

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	UMFN	12	10	2	690:486	204	20
2.	ÍR	12	8	4	625:539	86	16
3.	Breiðablik	12	4	8	548:683	-135	8
4.	Þór Ak.	12	2	10	507:662	-155	4
5.	ÍA	0	0	0	0:0	0	0

ÍA hætti keppni.

## 1. FLOKKUR KARLA

Níu félög tóku þátt í Íslandsmóttinu í 1. flokki karla og léku allir við alla tvær umferðir.

### 1. flokkur karla 2000

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Keflavík	16	13	3	1409:1226	183	26
2.	KR	15	11	4	1348:1111	237	22
3.	Haukar	14	9	5	1172:1125	47	18
4.	ÍR	16	9	7	1547:1485	62	18
5.	Reynir S.	15	8	7	1167:1043	124	16
6.	UMFG	15	6	9	1215:1408	-193	12
7.	Breiðablik	15	5	10	1136:1254	-118	10
8.	Valur	16	4	12	1095:1201	-106	8
9.	Fjölnir	16	4	12	1134:1370	-236	8

Úrslit vantar úr nokkrum leikjum.

## UNGLINGAFLOKKUR KARLA

Sextán félög tóku þátt í unglingsflokkum karla og var þeim skipt í tvo átta liða riðla. Innan riðlanna var leikin tvöföld umferð. Í A-riðli léku: Keflavík, UMFG, UMFN, Fjölnir, ÍR, Tindastóll, Stjarnan og KR b. Í B-riðli léku: KR a, Haukar, Valur, Þór Ak., Skallagrímur, ÍA, Breiðablik og unglingslandsliðið sem lék sem gestalið.

### Unglingsflokkur ka. 2000

#### LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Keflavík	12	12	0	1093:869	224	24
2.	KR B	12	7	5	918:874	44	14
3.	UMFN	12	6	6	1076:1072	4	12
4.	ÍR	12	6	6	1074:1042	32	12
5.	Tindastóll	12	5	7	946:919	27	10
6.	Stjarnan	12	4	8	894:1034	-140	8
7.	UMFG	12	2	10	958:1149	-191	4
8.	Fjölnir	0	0	0	0:0	0	0



## LOKASTAÐAN Í B-RIÐLI

Nr. Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1. Þór Ak.	12	11	1	889:674	215	22
2. KR A	12	10	2	969:779	190	20
3. Breiðablik	12	7	5	944:955	-11	14
4. Haukar	12	6	6	843:834	9	12
5. Skallagrímur	12	5	7	798:848	-50	10
6. ÍA	12	2	10	759:856	-97	4
7. Valur	12	1	11	613:869	-256	2
8. Ungl. landslið	0	0	0	0:0	0	0

Unglingalandsliðið var gestalið. Fjölirnir hætti keppni.

## ÚRSLITAKEPPNI UNGLINGAFLOKKS KARLA

Í úrslit úr A-riðli komust: Keflavík, KR b, UMFN, ÍR.

Í úrslit úr B-riðli komust: Þór Ak., KR a, Breiðablik, Haukar.

	8-LIÐA ÚRSLIT		
Keflavík - Haukar	86-81	Þór Ak. - ÍR	84-67
KR b - Breiðablik	86-73	KR a - UMFN	74-64

	4-LIÐA ÚRSLIT		
Keflavík - KR a	80-61	Þór Ak. - KR b	20-0

	ÚRSLIT
<u>Keflavík - Þór Ak.</u>	<u>85-81</u>

## DRENGJAFLOKKUR

Eftirtalin félög tóku þátt í drengjaflokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: ÍR, KR, Keflavík, UMFN.

B-riðill: Tindastóll, Valur, Stjarnan, Þór Þ.

C-riðill: KR b, Breiðablik, Þór Ak. UMFG.

Þór Þ. og UMFG hættu við þátttöku og var leikið í tveimur riðlum eftir 1. umferð.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

KR - KR b	77-55	ÍR - UMFN	75-66
<u>KR-ÍR</u>	<u>76-61</u>		

## 11. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 11. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: KR, Fjölirnir, Tindastóll, Haukar.

B-riðill: Keflavík, UMFG, Breiðablik, ÍR.

C-riðill: ÍA, Stjarnan, Valur, Snæfell.

Þór Þ. hóf keppni í 2. umferð og Valur hætti keppni eftir 2. umferð.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

UMFG - Keflavík	80-76	Tindastóll - Fjölirnir	56-67
<u>UMFG - Fjölirnir</u>	<u>71-82</u>		

## 10. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 10. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: UMFG, ÍR, UMFN, UMFG, Selfoss, Breiðablik.

B-riðill: Stjarnan, Þór Ak., Skallagrímur, Fjölirnir, Keflavík, KR.

C-riðill: KFÍ, Tindastóll, ÍA, UMFH, Valur.  
Tindastóll, ÍR, UMFH, KR og Valur hættu eða luku ekki keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

UMFG - UMFN	47-40	Haukar - Stjarnan	49-54
<u>UMFG - Stjarnan</u>	<u>78-59</u>		

## 9. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 9. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Fjölnir, UMFG, UMFN, Selfoss, Snæfell, ÍR.

B-riðill: Keflavík, KFÍ, Þór Ak. Valur, KR, Haukar.

C-riðill: Tindastóll, Kormákur, Stjarnan, Hamar, UMFH, Breiðablik.

Hamar lauk ekki keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

UMFN - Selfoss	54-43	UMFG - Fjölnir	53-58
<u>UMFN - Fjölnir</u>	<u>49-58</u>		

## 8. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Fjölnir ÍR, Tindastóll, ÍA, UMFN.

B-riðill: Keflavík, KR, Valur, Þór Ak. Skallagrímur.

C-riðill: Breiðablik, UMFG, Haukar, Hamar.

ÍA mætti ekki í 2. umferð, en kom inn gestalið í 3. umferð.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

## 8. ka. 1. D. A, 4. Umf 2000

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	UMFN	4	4	0	192:125	67	11
2.	ÍR	4	3	1	174:129	45	9
3.	Tindastóll	4	1	3	145:181	-36	6
4.	Fjölnir	4	1	3	152:188	-36	6
5.	Keflavík	4	1	3	130:170	-40	6

## 7. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 7. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: UMFN, KR, Fjölnir, Fjölnir b, Stjarnan, Snæfell.

B-riðill: UMFH, Keflavík, Valur, Breiðablik, Tindastóll.

C-riðill: Þór Ak., Selfoss, KFÍ, Fjölnir c, Keflavík b.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

## 7. ka. 1. D. A, 4. Umf 2000

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	KR	5	5	0	219:132	87	14
2.	Fjölnir	5	4	1	244:140	104	12
3.	Keflavík	5	3	2	184:186	-2	11
4.	Þór Ak.	5	2	3	184:209	-25	9
5.	Snæfell	5	1	4	142:217	-75	6
6.	Stjarnan	5	0	5	153:242	-89	5

## MINNIBOLTI DRENGJA

Eftirtalin félög tóku þátt í minnibolta drengja og var þeim skipt í fjóra riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: KR, Fjölnir, Fjölnir b, Stjarnan, Snæfell.

B-riðill: Keflavík, UMFG, UMFN, ÍA, ÍR.

C-riðill: Breiðablik, Haukar, Hamar, Þór Þ., UMFH.

D-riðill: KFÍ, Tindastóll, Valur, Skallagrímur, Keflavík b.

ÍA, Valur, UMFG og Skallagrímur hættu keppni. Valur kom síðar inn sem gestalið í 2. deild.

## LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

### MB. ka. 1. D. A, 4. Umf 2000

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Keflavík	4	3	1	181:121	60	6
2.	KR	4	3	1	177:136	41	6
3.	Fjölnir	4	3	1	180:150	30	6
4.	Haukar	4	1	3	121:169	-48	2
5.	KFÍ	4	0	4	117:200	-83	0

## UNGLINGAFLOKKUR KVENNA

Eftirtalin félög tóku þátt í unglingsflokkum kvenna og var þeim skipt í þrjú riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: ÍR, UMFG, Tindastóll, Keflavík, UMFN.

B-riðill: Breiðablik, KR, Kfi, ÍA.

KFÍ og ÍA hættu keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

Keflavík - ÍR	61-52	UMFN - KR	38-41
<u>Keflavík - KR</u>	<u>64-43</u>		

## STÚLKNAFLOKKUR

Eftirtalin félög tóku þátt í stúlknaflokkum og var þeim skipt í tvo riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Tindastóll, Breiðablik, ÍR, Kormákur, Keflavík, Skallagrímur.

B-riðill: UMFG, Snæfell, UMFH, KR, Fram S.

C-riðill: Haukar, Hörður, Hamar, Glói, KFÍ, Tindastóll b.

Glói og ÍR hættu keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

Keflavík - Tindastóll	49-31	Kormákur - Snæfell	30-38
<u>Keflavík - Snæfell</u>	<u>52-43</u>		

## 8. FLOKKUR KVENNA

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki kvenna og var þeim skipt í tvo riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Keflavík, ÍR, UMFG, KR, Haukar.

B-riðill: Breiðablik, UMFH, UMFN.

Skallagrímur og KFÍ hættu við þátttöku.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

8. kv. 1. D. A, 4. Umf 2000

Nr. Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1. UMFH	5	5	0	199:95	104	14
2. ÍR	5	2	3	134:126	8	9
3. Haukar	5	4	1	132:134	-2	8
4. UMFG	5	3	2	123:117	6	8
5. Keflavík	5	1	4	108:158	-50	7
6. KR	5	0	5	106:172	-66	0

**MINNIBOLTI STÚLKNA**

Eftirtalin félög tóku þátt í minnibolta stúlkna og var þeim skipt í tvo riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: KR, UMFH, UMFN, UMFG, Keflavík.

B-riðill: ÍR, Haukar, Skallagrímur.

Breiðablik, Snæfell, KFÍ og Keflavík b hættu við þátttöku.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

MB. kv. 1. D. A, 4. Umf 2000

Nr. Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1. UMFN	4	3	0	128:67	61	7
2. Keflavík	4	3	0	121:52	69	7
3. UMFH	4	2	2	106:82	24	4
4. Haukar	4	1	3	94:110	-16	2
5. KR	4	0	4	57:195	-138	0

**ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKAR 2. DEILD (Landshlutariðlar)**

**10. FLOKKUR**

Eftirtalin félög tóku þátt í 10. flokki:

RE-riðill: Þór Þ., Reynir S. Reynir H., Skallagrímur b, Valur b, Keflavík b, Reynir S.

NL-riðill: Kormákur, Fram S. Leiftur, Glói.

Reynir H. Lauk ekki keppni, Reynir S. hóf keppni eftir 1. umferð.

Í úrslit komust: Þór Þ., Keflavík b, Kormákur, Fram S.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

Kormákur - Keflavík b	47-49	Þór Þ. - Fram S.	49-34
Kormákur-Fram léku um 3. sætið	48-43		
<b>Þór Þ. - Keflavík b</b>	<b>60-43</b>		

**8. FLOKKUR**

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki:

RE-riðill: ÍR b, KR b, Þór Þ.

NL-riðill: Dalvík, Fram S., Glói.

Glói hætti keppni.

Í úrslitaleik léku eftirtalin félög:

<b>KR b - Dalvík</b>	<b>39-18</b>
----------------------	--------------

## MINNIBOLTI 11 ÁRA

Eftirtalin félög tóku þátt í minnibolta 11 ára:

RE-riðill: Haukar b, Fjöltnir c, Keflavík c, Selfoss.

RV-riðill: Breiðablik b, KFÍ b, KR b, Fjöltnir d, Reynir S.

Reynir S. mætti ekki í 1. umferð, en fékk að senda gestalið í 2. umferð. KR b hætti keppni eftir 1. umferð.

NL-riðill: Þór AK., Kormákur, Leiftur, Þór Ak., Tindastóll, b.

Í úrslit komust: Haukar b, Breiðablik b, Leiftur.

Haukar b - Breiðablik b	17-29	Leiftur - Haukar b	34-20
Breiðablik b - Leiftur	26-27		
<u>Sigurvegari varð</u>	<u>Leiftur</u>		

## BIKARKEPPNI KKÍ (Bikarkeppni KKÍ & RENAULT)

Bikarmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla:	Ungmennafélag Grindavíkur
Meistaraflokkur kvenna:	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
Unglingaflokkur karla:	Íþróttafélagið Þór Akureyri
Unglingaflokkur kvenna:	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
Drengjaflokkur:	Íþróttafélag Reykjavíkur
Stúlknaflokkur:	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
11. flokkur:	Ungmennafélagið Fjöltnir
10. flokkur:	Knattspyrnufélagið Haukar
9. flokkur:	Ungmennafélagið Fjöltnir

Úrslit í einstökum leikjum urðu sem hér segir:

### MEISTARAFLOKKUR KARLA

## Bikarkepp.KKÍ&RENAULT ka. 2000

32-liða úrslit

Mán. 1.nóv.1999	<u>HK - Snæfell</u>	54-93
Sun. 31.okt.1999	<u>Valur - ÍA</u>	66-85
	<u>Þór Þorl. - Skallagrímur</u>	64-96
	<u>ÍS - KR</u>	48-89
	<u>Keflavík - UMFN</u>	76-97
	<u>Breiðablik - Hamar</u>	56-88
	<u>Þór Ak. - KFÍ</u>	82-91
Lau. 30.okt.1999	<u>Gk. Grindavíkur-Smári V.</u>	63-58
	<u>Ármann/Þróttur - Tindastóll</u>	69-115
	<u>Fjöltnir - Haukar</u>	46-107
	<u>ÍV - ÍR</u>	82-90
	<u>Stjarnan - UMFG</u>	51-86
	<u>Dalvík - Selfoss</u>	74-80

16-liða úrslit

Sun. 12.des.1999	<u>Selfoss - ÍA</u>	94-89
	<u>UMFN - Snæfell</u>	88-73
	<u>Tindastóll - Stafholtst.</u>	146-53
